

31. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, aukafundur, Végarði 13.11 2019, kl. 10:00

Mætt : Jóhann, Eiríkur, Anna Jóna og Gunnþórunn. Lárus var væntanlegur og mætti kl 11:10. Kristinn Bjarnason lögmaður Fljótsdalshrepps situr fundinn. Einnig mættu undir 1. lið Erica Sieling og Leva Vedeikaite og Steingrímur Karlsson frá Óbyggðasetrinu.

Oddsviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Laugarfell

2. Gistihús, erindi Sigríðar Huldu Stefánsdóttur dags.,27.09 2019, frestað 05.11 2019

3. Fjárhagstengd málefni

4. Önnur mál

1. Laugarfell

- a) Mættar til fundar umsækjendur um rekstur Laugarfellsskála, Erica og Leva. Þær gerðu grein fyrir umsókn sinni og svöruðu spurningum sveitarstjórnar.

Erica og Leva yfirálfu fundinn og Steingrímur kom til fundar

Steingrímur Karlsson og gerði hann grein fyrir umsókn Óbyggðaseturs og svaraði spurningum sveitarstjórnar.

Steingrímur yfirálf fundinn

Eftir umræður um umsóknir og umsækjendur ,er sveitarstjórn sammála um að ganga til viðræðna við Óbyggðasetur.

- b) Farið yfir tillögu að kaupum á eignum/munum af núverandi rekstraraðilum. Oddvita falið að ræða við Highland Hostel um kaupin.

2. Samfélagsverkefni

Samþykkt breyting á dagskrá og að funda með Samfélagsnefnd og verkefnisstjóra.

Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnisstjóri samfélagsverkefnisins og Þórhallur Jóhannsson formaður Samfélagsnefndar Fljótsdalshrepps komu til fundar við sveitarstjórn og Arna Björg Bjarnadóttir sat fundinn í fjarfundarbúnaði.

Ásdís Helga verkefnisstjóri og viðstaddir Samfélagsnefndarmenn kynntu umræðu og hugmyndir nefndarinnar um stofnun styrktarsjóðs. Varðandi þær hugmyndir er lögmanni sveitarfélagsins falið að afla upplýsinga og taka saman minnisblað fyrir nefndina.

Ásdís Helga, Þórhallur og Arna Björg yfirálfu fundinn að loknum þessum dagskrárlíð.

3. Gistihús, erindi Sigríðar Huldu Stefánsdóttur dags, .27.09 2019, frestað 05.11 2019

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis

Sveitarstjórn samþykkir erindi frá Hengifoss ehf um breytingar á salernisaðstöðu í neðra húsi samkvæmt beiðni 27.9.2019 og að greiða helming raunkostnaðar við þær en þó að hámarki 500.000 kr.

Gunnþórunn kom aftur til fundar

4. Fjárhagstengd málefni

a) Fjárhagsáætlunir stofna og samlaga

Brunavarnir á Austurlandi, áætlað framlag Fljótsdalshrepps á næsta ári er kr. 3.491.236. Samþykkt

Brunavarnir á Héraði, áætlað framlag næsta árs kr. 983.000. Samþykkt, stjórn Brunavarna hefur gert fyrirvara um að mögulega komi til hækkunar á viðhaldslið fasteigna.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga, breyting hefur orðið á áður samþykktri áætlun, þannig að áætlað framlag Fljótsdalshrepps fer úr 863.560 kr. í 704.999 kr. Samþykkt að mismunur 158.561 kr. verði greiddur til safnsins í sérverkefni á árinu 2020.

Minjasafn Austurlands, áætlað framlag næsta árs 878.440 kr, samþykkt.

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs, áætlað framlag næsta árs er kr. 1.998.095, samþykkt.

Heilbrigðiseftirlitið, áætlað framlag næsta árs er kr. 1.376.986, Samþykkt.

Skólaskrifstofa, fjárhagsáætlun samþykkt af stjórn liggur fyrir, en skipting framlaga á milli sveitarfélaga liggur enn ekki fyrir.

b) Reglur og gjaldskrár 2020

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarsprósenta Fljótsdalshrepps verði óbreytt frá fyrra ári 13,20%, sorpgjald og rotþróargjald sömuleiðis óbreytt. Álagningarprósentur fasteignaskatts verði áfram 0,40% A flokkur, 1,32% B flokkur og 1,65 % C flokkur.

Samþykkt að reglur um niðurfellingu, eða styrki vegna fasteignaskatts verði óbreyttar 2020 utan þess að afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega hækkar og tekjuviðmið einnig.

Álagningar- og innheimtureglur vegna fasteigna- og þjónustugjalda 2020. Samþykkt að hækka afslátt (skv. reglunum) til örorku- og ellilífeyrisþega sem rétt eiga, á niðurfellingu fasteignaskatts á samþykktu íbúðarhúsnæði sem viðkomandi býr í upp í kr. 70.000,-. Tekjuviðmið eru einnig hækkuð þannig að tekjumörk einstaklinga eru kr. 4.000.000,- og

hjóna og samskattaðs sambýlisfólk hækka í kr. 5.500.000,- Fullur afsláttur er veittur upp að þeim tekjumörkum.

Samþykkt að námsstyrkir til framhaldsskólanema 16-25 ára verði áfram veittir á árinu 2020 og verði kr. 125.000,- per önn. Samþykkt að menntastyrkir verði veittir 2020 og hækki í kr. 250.000,-, að öðru leyti gildi sömu reglur og áður. Samþykkt að frístundastyrkir fyrir hvern einstakling á aldrinum 6-18 ára hækki í kr. 35.000,- 2020. Samþykktar óbreyttar reglur um styrki til sauðfjárkaupa. Samþykkt að styrkja á árinu 2020 sauðfjárþændur í Fljótsdal, sem láta bólusetja við garnaveiki, sem nemur kostnaði við lyf.

Rætt um að veita umhverfisstyrki á árinu 2020, ákvarðanatöku um styrkuppþæð og reglur frestað til næsta fundar.

Launataxti og kjör sveitarstjórnar og nefnda 2020. Taxtar verða óbreyttir frá 2019.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að fari lengd sveitarstjórnarfunda yfir 5 klst, teljist þeir fundir sem 2 og að gert verði upp fyrir nefndarvinnu 2var á ári, í júlí og desember. Viðmiðunartaxti tímakaups hækki um n.k. áramót í samræmi við launavísitölu. Viðmiðunarverktakataxti og verktakataxti fyrir grenjaleit hækki til samræmis við tímataxta sem fjallaskilanefnd lagði til.

5. Önnur mál

Rætt um að halda aukafund sveitarstjórnar fimmtudag eða föstudag í næstu viku til að taka fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2020 til í fyrri umræðu og eiga samningafund með Óbyggðasetrinu um rekstur Laugarfellsskála.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fundi slitið klukkan 18:20
Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)
Lárus Heiðarsson (sign)
Eiríkur J. Kjerúlf (sign)
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)
Jóhann F. Þórhallsson (sign)